

# Kosningar í Malaví 2009

*eftir Stefán Jón Hafstein umdæmisstjóra ÞSSÍ*

## Úrslit

Úrslit í forsetakosningunum lágu fyrir snemma þar sem yfirburðir Bingu Muthurika voru miklir og endurkjör glæsilegt. Ekki er enn búið að ljúka afstemmingum og formlega lýsa yfir úrslitum í þingkosningunum, en ljóst að DPP, flokkur forsetans, verður í gríðarlega sterkri stöðu með meirihluta. DPP sem er klofningsflokkur frá fyrra kjörtímabili er því komin í lykilaðstöðu. Stjórnarandstaðan er í sárum og gamlir refir eins og Muluzi (fyrrv. forseti) og Tembo forsetaefni tveggja flokka núna munu hverfa af sviðinu og víkja fyrir nýju blóði.

Staðan er því gjörbreytt frá fyrra kjörtímabili þegar forsetinn átti í stöðugri glímu við þingmeirihluta sem ekki fylgdi honum. Þetta sterka umboð má því skoðast sem skref fram á við fyrir styrkari stjórn, en felur líka í sér hættuna á misnotkun valds eins og þekkt er.

## Kosningar og eftirlit

Kosningarnar fóru vel fram í öllum meginatriðum, þótt annmarkar væru. Umsagnir eftirlitssveita ESB, Samveldisins, SADAC ríkja og Afríkusambandsins eru keimlíkar: Í öllum aðalatriðum fóru kosningar vel fram en tæknilegir gallar voru þó nokkrir. Mikið reyndi á ráðgjöf frá helsta fulltrúa S.Þ. hér á staðnum síðustu vikurnar og var hann mjög virkur í skipulagi. Fengu sendiherrar jafnan gott yfirlit yfir það sem var í gangi.

Starfsmenn ÞSSÍ tóku þátt í eftirliti á vinnusvæði sínu kringum Apaflóa á kjördag. Vorum við sammála því álit annarra eftirlitsmanna að framkvæmd hefði verið til fyrirmyndar og skipulag gott. Mjög reyndi á skólastjóra og kennara því þeir voru ráðnir til starfa þennan dag við að stjórna kjörfundi. Það fólk reyndist vel.

Hins vegar reyndust afstemmingar talna úr kjördæmum erfiðar og samlagning oft röng í gögnum og olli það titringi. Hins vegar tekur enginn undir með Tembo forsetaframbjóðanda sem segir kosningarnr svindl, ekki einu sinni höfuðandstæðingur forsetans, fyrrverandi forseti Muluzi.

Sjá nánar um kosningarnar og framkvæmd á:

<http://stefanjon.is/default.asp?content=frettir&frId=3&id=437>

## Aðdragandi

Stofnuð var sérstök sjálfstæð yfirkjörstjórn sem skipulagði kosningar. Stærstu styrkjaríki fjármöggnuðu amk. 40% af heildarkostnaði sem var ætlaður um 5 milljarðar króna en verður meiri. Í fyrra var gerð kjörskrá undir eftirliti og voru nær 6 milljónir manna á skrá.

Í landi þar sem 85% íbúa eru sjálfspurftarbændur, 6% hafa rafmagn, samskiptaleiðir eru erfiðar og samgöngur oft slæmar, eru kosningar skipulagsleg martröð. Enda kom á daginn að stefndi í mikið óefni nokkrum vikum fyrir kosningar, og hefur verið viðvarandi áhyggjuefni að þær gætu ekki orðið á réttum tíma. Það tókst, og í flestum tilvikum vel.

Stór styrkjaríki lögðu mikið lið við kosningaundirbúning, svo sem Norðmenn, ESB, DFID og stofnanir SP.

Kjörstjórn var almennt séð í lagi, en svo sem oft vill verða í Malaví skorti á að hafa samband við helstu haghafa og hagsmunaaðilja og samband við flokkana var ótryggt.

Kosningabaráttan leið einkum fyrir tvennt: Ríkisfjölmiðlar, 2 útvarpsrásir og 1 sjónvarp, voru algjörlega á bandi forsetaflokksins og sinntu engum öðrum frambjóðendum. Pólitískt þrátefli hefur staðið um ríkisútvarpið sem taldi sig ekki skulda stjórnarandstöðunni neitt vegna niðurskurðar á fjárframlögum.

Gagnsæi í fjármögnun framboða er ekkert.

Því má segja að þótt kosningarnar hafi verið útfærðar með tæknilega frambærilegum hætti var aðdragandi ekki til fyrirmyndar og lýðræðishalli mikill í umræðu í aðdraganda.

### **Breytt pólitískt landslag**

Úrslitin tákna gjörbreytt pólitískt landslag. Í fyrsta lagi hefur nú forsetinn ótvírætt umboð, sem var löngum dregið í efa vegna viðskilnaðar við flokkinn sem kom honum til valda. Í öðru lagi hefur flokkur hans yfirburði í þinginu, sem leysir upp þrátefli síðustu ára. Umbætur eiga greiða leið í gegnum þing og stjórn ef vilji er fyrir. Í þriðja lagi er stjórnarandstaðan í sárum, sundurtætt og hætt við klofningi.

Það sem kann þó að reynast merkilegra þegar upp er staðið er að kjósendur kusu ekki samkvæmt hefðbundnum ættbálka- og héraðalínum. Fjölflokka lýðræði á sér aðeins sögu síðan 1994 í Malaví, og síðan þá hafa hugmyndafræðileg átök ekki birst eftir hefðbundum leiðum, heldur eftir ættbálkum, héraðaríg og foringjahollustu (*the big man syndrome*).

Núna fór fylgið við forsetann þvert á þessar línur og hefur vakið mikla athygli. Einkum má ætla að þetta sé örum hagvexti að þakka, og sjáfstæðri innanlandspólitík forsetans þar sem niðurgreiðslur á áburði hafa verið til vinsælda fallnar - enda flestir landsmanna máísræktendur. Þá má ekki gleyma að í valdatíð Muthurikas hefur Malaví notið einstakrar velvildar styrkjaríka og er nú í flokki þeirra sem flokkast undir „donor darlings“. Það er því létt verk fyrir forsetann að aka á nýlagðri hraðbraut sem ESB kostaði til Monkey Bay og þakka sjáflum sér framfarir í landinu.

Muturhika forseti er hagfræðingur, með mikla alþjóðlega reynslu, hann hefur því notið náðar styrkjaríkja sem telja hann almennt séð hæfasta forsetaefnið. Innanlands er hann umdeildari, en margir viðurkenna hikandi þó að hann sé skástur. Landsmenn hafa kveðið upp sinn dóm.

Niðurstaðan er sú að nú blasir við gjörbreytt ástand í Malaví. DPP virðist ætla að verða fullburða landsmálaflokkur sem getur breitt sig yfir hefðbundin mörk ættbálka og héraða. Forsetinn hefur 5 ár til starfa við hagfelldar efnahagsaðstæður. Því þrátt fyrir heimskreppu er hagvöxtur með ágætum í landinu og styrkjaríki munu halda áfram að rækta sambandið við Malaví.

Styrkjaríki meta stöðuna almennt svo að ástand verði hagfelld fyrir þróun Malaví á næstunni þótt hagkreppa í heiminum komi hér við kaun eins og annars staðar.

### **Hlutur erlendra ríkja**

Á fundi sendiherra 27.maí voru kosningar ræddar og farið yfir helstu atriði í anda þess sem hér hefur komið fram.

Umræður spunnust um ábyrgð erlendra fulltrúa nú, að tala einum rómi um nauðsyn úrbóta og virðingar fyrir þingi og lýðræðislegum venjum, þegar loks hafa skapast forsendur fyrir því. Sá ótti er raunverulegur að valdaflokkurinn (hér er talað um *ruling party*) muni misnota aðstöðu sína og beita völdum sínum óspart þar sem aðahald stjórnarandstöðu verður greinilega lítið.

Ákveðið var að bjóða fulltrúum stjórnvalda á fundi með sendiherrum og viðræðna um þróun mála.

Fulltrúi Íslands á staðnum, undirritaður, tók sérstaklega upp málefni ríkisfjölmiðla. Benti á hve þeir hefðu verið misnotaðir, og ætti lýðræðisþróun í Malaví að eiga einhverja möguleika yrði að bæta úr því hvernig þeir eru fjármagnaðir og reknir, til að jafna aðstöðumun flokka og frambjóðenda.

Á þessum fundi voru fulltrúar ríkja og stofnana sem saman leggja fram um helming af fjárlögum Malaví. Áhrifavald þessa hóps getur því verið mikið sé rétt á haldið. Hins vegar getur alveg eins farið svo að stjórnvöld telji sig ekkert eiga til þessa hóps að sækja nema peninga, því umboð í kosningum sé alveg skýrt. Pólitískur ofmetnaður er ekki óþekkt fyrirbrigði og má ekki vanmeta undir nokkrum kringumstæðum.

Hvað sem því líður er ljóst að Malaví hefur í pólitískum skilning stigið yfir merkilegan þröskuld, hvernig úr spilast er annað mál.

Lilongwe 27. maí 2009

Stefán Jón Hafstein

Umdæmisstjóri